

## AUGLÝSING

### um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt eftirfarandi skipulagsáform:

*Suðurlandsvegur í Mosfellsbæ og Kópavogi. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Mosfellsbæjar 24. maí 2023 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 13. júní 2023 nýtt deiliskipulag fyrir Suðurlandsveg í Mosfellsbæ og Kópavogi.

Deiliskipulagið nær til hluta Suðurlandsvegar frá sveitarfélagamörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur í vestri að tvíbreiðum hluta Suðurlandsvegar á efri hluta Lögbergsbrekku (Mosar) við Syðri-Fossvallaá í austri. Helstu framkvæmdir samkvæmt deiliskipulaginu eru að mynda samfelldan stofnveg 2+2, frá sveitarfélagamörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur að Lögbergsbrekku þar sem vegurinn er nú þegar tvíbreiður. Einnig er fyrirhugaður hliðarvegur 1+1, milli núverandi vegar að Waldorfskóla og vegar að Lækjarbotnalandi ásamt gatnamótum. Samhliða er gert ráð fyrir reiðstígum og undirgöngum þeim samhliða undir Suðurlandsveginn. Jafnframt er tekið frá framtíðarsvæði fyrir mislæg gatnamót.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 41. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi miðbæjar, Langitangi 2A, Hjúkrunarheimilið Hamrar.*

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits til norðurs. Gert er ráð fyrir 3ja hæða viðbyggingu, með kjallara, við núverandi hús og enn er heimilt að stækka núverandi hús um eina hæð. Einnig er heimiluð ný þjónustuaðkoma frá Skeiðholti. Nýtingarhlutfall og annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreind skipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 15. júní 2023,*

**Kristinn Pálsson** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 16. júní 2023